

**Dómsorð:**

Viðurkenndur er eignarréttur sóknaraðilja, Jónatans Guðmundssonar, að sumarbústað þeim, sem Guðný Guðnadóttir byggði árið 1945 í Hraunteigi í Næfurholtslandi innan Rangárvallahrepps.

Að öðru leyti eru kröfur sóknaraðilja eigi til greina teknar. Málskostnað greiði sóknaraðili til varnaraðilja, kr. 12.500.00. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. apríl 1970.

Nr. 16/1970. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Sigurjóni Einarssyni og gagnsök**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Gunnar Thoroddsen og prófessor Magnús Þ. Torfason.**

Ölögleg frelsissvipting. Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1970 og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. febrúar 1970. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 700.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað.

Svo sem í héraðsdómi greinir, krafðist móðir gagnáfrýjanda þess hinn 20. september 1967, að hann yrði sviptur sjálf-ræði vegna drykkjuskaparóreglu. Hún afturkallaði beiðnina,

er gagnáfrýjandi vistaðist af sjálfsdádæðum á Kleppsspítala til lækninga. Dvaldist hann þar að því sinni um sex vikna skeið. Enn krafðist móðir gagnáfrýjanda sjálfræðissviptingar hans hinn 23. desember 1967. Hófst dómsrannsókn út af beiðninni hinn 28. s. m. Saksóknari höfðaði sjálfræðissviptingarmál gegn gagnáfrýjanda hinn 18. janúar 1968. Mál þetta felldi saksóknari niður hinn 9. september 1968 samkvæmt tilmælum móður gagnáfrýjanda í bréfi 11. maí 1968, enda var gagnáfrýjandi þá að lækni dómi orðinn sæmilega stilltur.

Meðan sjálfræðissviptingarmálið var í gangi, gerðust þeir atburðir, sem nú verða raktir. Hafði rannsóknardómari eigi afskipti af þeim, en setti þó rétt yfir gagnáfrýjanda í sjálfræðissviptingarmálinu á Kleppsspítala.

Samkvæmt skýrslu Ævars Pálma Eyjólfssonar lögreglu-manns, dags. 24. desember 1967, hringdi Pétur Einarsson, bróðir gagnáfrýjanda, nefndan dag, kl. 1305, á lögreglustöðina og beiddist þess, að lögreglan handtæki gagnáfrýjanda og flytti hann á Kleppsspítalann. Nefndur lögreglumaður handtók, ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, gagnáfrýjanda á Hótel Borg kl. 1315 sama dag og flutti hann á lögreglustöðina. Skömmu síðar fluttu þeir aðrir lögreglumenn hann á Kleppsspítalann, og var honum veitt viðtaka þar. Þá er lögreglumenn fluttu gagnáfrýjanda á Kleppsspítalann, lá fyrir lækni svottorð Ólafs Hauks Ólafssonar lækni, dags. 23. desember 1967, svohljóðandi: „Pláss óskast á sjúkrahúsinu Kleppi fyrir Sigurjón Einarsson, p. t. Snorrabra. 52, Rvk. Diagn. Alcoholismus chron.“ Gagnáfrýjandi var settur á 10. deild spítalans, órólegu deildina. Var hann nú þar um sinn. Hinn 9. janúar 1968 undirritaði gagnáfrýjandi eftirfarandi skuldbindingu, sem yfirlæknir spítalans, Tómas Helgason, lagði fyrir hann:

„Ég undirritaður, Sigurjón Einarsson, f. 13. 12. '30, til heimilis að Snorrabraut 52, Reykjavík, undirgengst hér með, sbr. 1. tl. 11. gr. laga nr. 39/1964, að dveljast á hæli eða sjúkrahúsi eða hlíta þeirri meðferð, sem læknar Kleppsspítalans telja nauðsynlega, í allt að 6 mánuðum frá deginum í dag að telja til lækninga vegna ofnautnar áfengis.

Skýlt er mér að hlíta þeim reglum, sem um slíka hælsvist eru settar, og má flytja mig með lögregluvaldi á hælið eða sjúkrahúsið, hverfi ég þaðan eða úr meðferð án leyfis.

Reykjavík, 5. 1. 1968

Sigurjón Einarsson

Vottar:

Nanna Jónasdóttir

Þórunn Pálsdóttir“.

Hinn 10. janúar 1968 ritaði gagnáfrýjandi yfirlækninum á Kleppi svohljóðandi bréf:

„Hér með tilkynnist yður, að ég undirritaður, Sigurjón Einarsson, f. 13/12 1930, afturkalla og lýsi með öllu ógilda yfirlýsingu þá, er undirrituð var af mér 9. janúar 1968, en dagsett var 5. janúar 1968, þess efnis, að ég samþykki sjúkrahúsvist eða læknis meðferð í allt að sex mánuði vegna meintrar áfengissýki.

Með afturköllun þessari fellur að sjálfsögðu niður heimild til afskipta lögreglunnar vegna brottfarar minnar af Kleppsspítalanum svo og hvers konar annarra afskipta hennar eða yðar af högum mínum. Mun ég skoða öll slík afskipti á ábyrgð yðar persónulega og Kleppsspítalans.

Bréf þetta er sent yður í ábyrgðarpósti, en afrit þess í almennum pósti.

Sigurjón Einarsson

Vottar:

Ólæsilegt nafn

Benedikt Blöndal“.

Hinn 15. janúar 1968 fór gagnáfrýjandi af spítalanum, en var fluttur þangað aftur með lögregluvaldi að beiðni yfirlæknisins hinn 17. s. m. Var honum síðan haldið þar, unz hann hinn 30. s. m. var fluttur á Landspítalann til uppskurðar.

Um geðheilsu gagnáfrýjanda hefur Grímur Magnússon læknir gefið vottorð hinn 23. ágúst 1967. Var læknirinn spurður um, hvort gagnáfrýjandi væri sérstaklega hættulegur umhverfi sínu, en hann var sakaður um húsbrot og

ofbeldi við fyrrverandi eiginkonu sína. Niðurlag vottorðsins hljóðar svo:

„Í viðtali er Sigurjón, eins og áður er sagt, sjálfhælinn, yfirborðskenndur og hefur lítt forvakaða siðgæðiskennd, en hann er að öllu leyti með skýra meðvitund um athafnir sínar á umræddum dögum, og ekki er hægt að finna hjá honum neinar ranghugmyndir eða önnur einkenni um geðveiki, og er hann því að sjálfsögðu sakhæfur.

Álit mitt er, að Sigurjón sé haldinn geðveilu og drykkjuhneigð, ábyrgur gerða sinna, en ekki hættulegri en fjöldi slíkra manna, sem eru að öllu leyti frjálsir, annaðhvort vegna þess, að þeir hafa ekki brotið lög eða þá afplánað afbrot sín“.

Yfirlæknir Tómas Helgason hefur hinn 16. janúar 1968 sent sakadómi Reykjavíkur svohljóðandi vottorð:

„Samkvæmt beiðni yðar, dags. 12. janúar 1968, skal upplýst, að Sigurjón Einarsson, f. 13. 12. 1930, hefur verið hér á spítalanum 23. 9.—2. 11. 1967 og aftur síðan 24. 12. 1967, þar til hann strauk í gærkvöldi, þann 15. 1. 1968.

Sjúkdómsgreining spítalans er alcoholismus chronicus og psychopathia.

Hér með fylgja ljósrit af innlagningarbeiðni Ólafs H. Ólafssonar læknis fyrir Sigurjón, dags. 23. 12. 1967“.

Sami yfirlæknir segir í bréfi til sakadómara 20. febrúar 1968: „Þess má geta, að sjúkdómsgreining Kleppsspítalans er hin sama og fram kemur í vottorði Gríms geðlæknis Magnússonar til sakadóms Reykjavíkur þann 29. 8. 1967“.

Handtaka gagnáfrýjanda og vistun hans á Kleppsspítala hinn 24. desember 1967 verða, eins og aðgerðum þessum var háttað, eigi réttlættar samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1964 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra né öðrum réttarreglum. Skuldbinding sú, sem gagnáfrýjandi undirritaði að áeggjan yfirlæknisins hinn 9. janúar 1968, verður, að athuguðum aðdraganda hennar og sköpulagi, eigi talin bindandi fyrir hann samkvæmt 1. tl. 11. gr. laga nr. 39/1964. Áframhaldandi hald gagnáfrýjanda á Kleppsspítalanum eftir 9. janúar 1968, hin endurtekna handtaka hans 17.

janúar 1968 og vistun hans á nýjan leik á Kleppsspítalanum voru því ólögmat.

Með tilvísun til þess, sem rakið var, og samkvæmt 1. tl. 151. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 3. tl. 154. gr. og 155. gr. sömu laga, ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda miskabætur, sem ákveðast með hliðsjón af öllum aðstæðum kr. 50.000.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, en eigi eru efni til að dæma gagnáfrýjanda bætur fyrir atvinnutjón.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sigurjóni Einarssyni, kr. 50.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. þ. m., hefur Sigurjón Einarsson, Ljósheimum 2 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 8. ágúst 1969, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, aðallega til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 700.000.00 auk 7% ársvaxta frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags, en til vara til greiðslu annarrar fjárhæðar, sem dómurinn kann að ákveða. Þá er þess krafizt, að stefnanda verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnda samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961, hver svo sem úrslit málsins kunna að verða.

Stefnandi hefur stefnt saksóknara ríkisins, Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra og Tómasi Helgasyni yfirlækni til réttargæzlu í málinu.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu réttargæzlustefndu eru engar dómkröfur gerðar.

Mál út af sama sakarefni hafði stefnandi höfðað með stefnu,

birtri hinn 6. apríl 1968, en með dómi, uppkveðnum hinn 20. maí s.l., var því máli vísað frá dómi.

Málavextir eru þessir: Um kl. 1300 sunnudaginn 24. desember 1967 handtók lögreglan stefnanda, þar sem hann var staddur á Hótel Borg, og flutti á lögreglustöðina. Skömmu síðar þennan sama dag fluttu lögregluþjónar stefnanda á Kleppsspítalann. Í skýrslu eins lögregluþjónsins, sem handtók stefnanda, kemur fram, að bróðir stefnanda, Pétur Einarsson, hafi hringt á lögreglustöðina og óskað eftir því, að lögreglan handtæki stefnanda og flytti hann á Kleppsspítalann. Kemur fram í skýrslunni, að húið muni hafa verið að svipta stefnanda sjálfræði og hafi tiltekinn lögmaður með mál hans að gera. Í vottorði læknis þess, sem tók við stefnanda á Kleppsspítalanum, kemur fram, að hann hafi verið fluttur þangað og vistaður þar samkvæmt beiðni Unnar Pétursdóttur, en hún er móðir stefnanda. Hinn 28. desember 1967 var tekin fyrir í sakadómi Reykjavíkur beiðni Unnar Pétursdóttur um, að sonur hennar, stefnandi máls þessa, yrði sviptur sjálfræði. Ástæður fyrir þessari kröfu sinni kvað Unnur vera þær, að stefnandi hefði á undanförnum árum hneigzt svo mjög til áfengisnautnar og drykkjuskaparóreglu, að hann hefði algerlega vanrækt atvinnu sína, heimili og börn og sólundað eignum sínum. Árið 1966 hefði drykkjuskapur og óregla stefnanda ágerzt svo mjög, að hann hefði ekki lengur haldið því starfi, sem hann þá gegndi. Þáverandi eiginkona hans hefði þá reynt að fá hann sviptan sjálfræði í því skyni að stemma stigu við áframhaldandi soun á eignum þeirra svo og til að ráða bót á drykkjuskaparfýsn hans, en stefnandi hefði þá skilið við eiginkonu sína og knúið fram eignaskipti. Unnur kvað stefnanda skömmu síðar hafa farið af landi brott og taldi hann hafa eytt öllum eignum sínum, er hér var komið. Er stefnandi hafi komið aftur til landsins í byrjun ágústmánaðar 1967, kvað hún svo hafa virzt sem ekki hafi orðið lát á drykkjuskaparóreglu hans. Hefði hann þá brotízt ölvaður inn til fyrrverandi eiginkonu sinnar, ráðízt á hana og veitt henni áverka. Vegna þessarar árásar hefði hann dvalízt í gæzluvarðhaldi um þriggja vikna skeið, en hann hefði fyrir verknaðinn hlotið skilorðsbundinn dóm. Eftir að stefnandi var látinn laus úr gæzluvarðhaldi, kvað Unnur ekkert lát hafa orðið á drykkjuskap hans og tilraunir kunningja hans til að fá hann til að stöðva drykkjuskap sinn hefðu ekki borið árangur. Stefnandi hefði að vísu dvalið um skeið að heilsuhælinu á Kleppi og á Flókagötu-hælinu, en hann hafi horfið þaðan á brott eftir skamma hríð án

Þess að hafa fengið lækningu. Hafi nú enn sótt í sama horf með drykkjuskap stefnanda. Frú Unnur kvað nú stefnanda hafa kvænzt enskri konu og hefði hún þá að undanfögnu dvalizt hér á landi og gert allt, sem í hennar valdi hafi staðið, til að reyna að stemma stigu við drykkjuskap stefnanda. Þær tilraunir hefðu þó ekki borið árangur og hefði stefnandi ekki getað séð þeim eða sjálfum sér farborða. Kvað Unnur konuna ekki hafa treyst sér til að búa lengur við það öryggisleysi, sem leitt hafi af sambúðinni við stefnanda, og hefði hún farið utan. Kvað frú Unnur eiginkonu stefnanda hafa rætt nokkuð við sig vandamál sín og stefnanda og hefði hún verið sér sammála um, að nauðsynlegt væri að svipta stefnanda sjálfræði til þess að freista læknaaðgerða gegn vilja hans.

Dómsrannsókn út af sjálfræðissviptingarbeiðninni hófst í sakadómi Reykjavíkur hinn 28. desember 1967. Dómari sá, er með rannsókn málsins fór, lét þess getið í upphafi rannsóknarinnar, að málið hefði hann fengið til meðferðar daginn áður. Kemur og fram, að dómariinn hafi engin afskipti haft af vistun stefnanda á Kleppsspítalanum. Þennan sama dag var tekin skýrsla af stefnanda fyrir dómi um hagi hans. Stefnandi mótmælti því, að hann yrði sviptur sjálfræði. Hinn 5. janúar 1965 kom móðir stefnanda, Unnur Pétursdóttir, fyrir dóm og staðfesti lögræðissviptingarbeiðnina. Kom þá fram, að hún hefði hinn 20. september þ. á. óskað eftir því, að stefnandi væri sviptur sjálfræði, en hún hefði síðar afturkallað þá beiðni sína, er stefnandi hefði sjálfur sótt um vist á Kleppsspítalanum til lækningar á drykkjuhneigð sinni. Hefði stefnandi þá dvalizt í sex vikur á sjúkrahúsinu. Þennan sama dag komu fyrir sakadóm Reykjavíkur systkini stefnanda, Pétur Einarsson og Guðrún Einarsdóttir. Kváðust þau bæði vera meðmælt lögræðissviptingarbeiðninni. Pétur skýrði jafnframt svo frá, að aðfaranótt aðfangadags jóla 1967 hefði stefnandi gert tilraun til að brjótast inn til móður sinnar og hefði hann þá brotið rúðu við inngang hússins. Í sambandi við það hafi stefnanda verið ráðstafað á Kleppsspítalanum, þar sem talið hafi verið, að hann gæti verið hættulegur. Stefnandi dvaldist á Kleppsspítalanum, og á því tímabili undirritaði hann yfirlýsingu þess efnis, að hann undirgengist, sbr. 1. tl. 11. gr. laga nr. 39/1964, að dveljast á hæli eða sjúkrahúsi eða hlíta þeirri meðferð, sem lækna Kleppsspítalans teldu nauðsynlega, í allt að sex mánuðum frá þeim degi, er yfirlýsingin var undirrituð, til lækningar vegna ofnautnar áfengis. Í yfirlýsingunni kveður stefn-

andi sér skylt að hlíta þeim reglum, sem um slíka hælissvist eru settar, og megi flytja hann með lögregluvaldi á hélið eða sjúkrahúsið, hverfi hann þaðan brott. Er yfirlýsing þessi dagsett 5. janúar 1968. Með bréfi til yfirlæknis Kleppsspítalans, dags. hinn 10. janúar 1968, lýsti stefnandi yfir, að hann afturkallaði og lýsti ógilda þessa yfirlýsingu sína, sem hann hefði undirritað hinn 9. s. m. Stefnandi mun nú hafa yfirgefið Kleppsspítalann hinn 15. janúar. Hinn 17. s. m. var stefnandi handtekinn, þar sem hann var staddur á skrifstofu fulltrúa lögreglustjórans hér í borg, og fluttur í Kleppsspítalann á ný. Með ákæruskjali, dagsettu hinn 18. janúar 1968, ákvað saksóknari ríkisins að höfða opinbert mál á hendur stefnanda samkvæmt heimild í 6. tl., b., sbr. 2. tl. 7. gr. laga nr. 95/1947, sbr. 4. tl. 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 82/1961 til sviptingar sjálfraði vegna ofnautnar áfengis og geðveilu samkvæmt 3. og 1. tl. 5. gr. nefndra laga nr. 95/1947. Mál það var síðan þingfest í sakadómi Reykjavíkur hinn 24. janúar. Meðal annarra gagna þess máls var bréf dr. med. Tómasar Helgasonar yfirlæknis til sakadómarans, dags. 12. janúar 1968, svohljóðandi: „Samkvæmt beiðni yðar, dags. 12. janúar 1968, skal upplýst, að Sigurjón Einarsson, f. 13. 12. 1930, hefur verið hér á spítalanum 23. 9.—2. 11. 1967 og aftur síðan 24. 12. 1967, þar til hann strauk í gærkvöldi, þann 15. 1. 1968. Sjúkdómsgreining spítalans er *alcoholismus chronicus* og *psycopathia*. Hér með fylgir ljósrit af innlagningarbeiðni Ólafs H. Ólafssonar læknis fyrir Sigurjón, dags. 23. 12. 1967. Ljósrit af yfirlýsingu hans, dags. 5. 1. 1968, og ljósrit af bréfi Sigurjóns, dags. 10. 1. 1968“. Innlagningarbeiðni Ólafs H. Ólafssonar læknis er svohljóðandi: „Pláss óskast á sjúkrahúsinu Kleppi fyrir Sigurjón Einarsson p. t. Snorra-bra. 52, Rvk. Diagn. *Alcoholismus chron.*“. Með bréfi, sem móðir stefnanda ritaði sakadómara þeim, sem með málið fór, hinn 11. maí 1968 afturkallaði hún beiðni sína frá 23. desember 1967 um, að stefnandi yrði sviptur sjálfraði. Í bréfinu kveður móðir stefnanda ástæðuna fyrir hinni breyttu afstöðu sinni vera þá, að hún telji eftir atvikum, að tilgangi þeim, er lá til grundvallar beiðni hennar, sé að nokkru leyti náð, þar sem stefnandi hafi hætt drykkjuskaparóreglu sinni og sé nú kominn í fast starf. Staðfesti frú Unnur þetta fyrir sakadómi hinn 7. ágúst 1968. Kvaðst hún þá ekki vita til þess, að stefnandi hefði neytt áfengis síðustu mánuði. Kvað hún stefnanda vera þrúðan í framkomu og ekki áreita neinn, að því er hún vissi til. Hinn 13. ágúst staðfesti Ólafur Haukur Ólafsson læknir vottorð sitt, dags. 3. júní, þar sem hann



lýsti því yfir, að hann hefði undanfarna mánuði haft stöðugt samband við stefnanda og teldi hann, eins og þá væri, ástæðulaust að beita hann nokkrum þvingunarráðstöfunum í lækningaskyni. Lýsti læknirinn því þá jafnframt yfir, að stefnandi hefði ekki þurft á hælsvist að halda vegna alcoholisma, er vottorðið var gefið. Með bréfi, dagsettu 9. september 1968, tjáði saksóknari ríkisins sakadómara þeim, er með málið fór, að felld væri úr gildi ákæra valdstjórnarinnar á hendur stefnanda frá 18. janúar s. á., þar sem krafizt var sjálfræðissviptingar og sakarkostnaðargreiðslu.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi ekki vitað tilefni handtöku sinnar hinn 24. desember 1967, en hann kveður sér hafa verið tjáð af varðstjóránunum á lögreglustöðinni, að nafngreindur lögmaður væri væntanlegur á lögreglustöðina, og mundi hann leggja fram einhver ótilgreind gögn, sem renna mundu stoðum undir handtökuna. Kveður stefnandi beiðni sína um að fá að hafa samband við lögfræðing sinn af þessu tilefni hafa verið synjað. Eftir að hann hafði dvalizt á lögreglustöðinni í einar tvær klukkustundir, kveður stefnandi Pétur Einarsson hafa birzt og hafi hann afhent varðstjóránunum lokað umslag. Kveður stefnandi varðstjóránann síðan hafa tjáð sér, að hann yrði fluttur á Kleppsspítalann. Ekki kveður stefnandi varðstjóránann hafa kynnt sér innihald umslagsins og kveður hann hafa neitað sér um leyfi til að hafa samband við lögfræðing sinn þrátt fyrir það, að stefnandi kveðst hafa mótmælt handtökunni og flutningnum að Kleppi harðlega. Stefnandi kveðst nú hafa verið fluttur á Kleppsspítalann og kveður læknanema hafa tekið á móti sér. Stefnandi kveðst hafa óskað eftir viðtali við annan hvorn yfirlækninn eða lækni, sem á vakt væri, en ekki hafi verið orðið við þeirri ósk sinni. Kveður stefnandi læknanemann hafa tjáð sér, að fyrir sig væri lagt að vista stefnanda á 10. deild, en það kveður stefnandi vera svokallaða órólegu deild. Kveður hann læknanemann hafa tjáð sér, að hann gæti valið um, hvort hann færi þangað sjálfviljugur eða hvort valdi þyrfti að beita. Stefnandi kveður nú ekkert hafa borið til tíðinda fyrr en hinn 26. desember, er hann hafi krafizt þess við lækni þann, sem var á stofugangi, að hann yrði látinn laus tafarlaust. Stefnandi kveður lækni þennan ekkert hafa vitað um málsatvik, en hann hafi lofað að kynna sér þau og láta sig síðan vita. Síðar um daginn kveðst stefnandi hafa fengið skilaboð frá lækninum, að sjálfræðissviptingarbeiðni lægi frammi og því væri spítalanum

fullkomlega heimilt að halda honum þar, svo lengi sem læknum spítalans sýndist. Stefnandi kveður Tómas Helgason prófessor hafa rætt við sig 2. janúar 1968 og hafa lagt til við sig, að hann undirritaði yfirlýsingu um, að hann undirgengist meðferð sjúkrá-hússins og/eða vistun á spítalanum í sex mánuði, enda mundi þá sjálfræðissviptingarbeiðnin afturkölluð og það mál niður falla. Stefnandi kveðst hafa bent prófessornum á, að þetta væri að sínum dómi nauðungarsamningur og væri hann ekki fús til að ganga til þeirra. Kveðst stefnandi þá hafa tjáð prófessornum, að hann vildi gjarnan hafa við hann og stofnunina nauðungarlaust samstarf, ef þess væri þörf, og skyldi ekki á sér standa. Kveður hann prófessorinn hafa talið slíkt algerlega ófullnægjandi, en hann hafi jafnframt talið, að stefnandi þyrfti ekki að óttast langvarandi vistun á Kleppi eða annars staðar, þar eð þess gerðist að hans álitu engin þörf. Hins vegar vildi hann hafa stefnanda undir einhvers konar eftirliti, vikulega eða svo, án þess að hann væri tilbúinn til frekari skýringa á því að svo komnu. Stefnandi kveðst hafa bent prófessornum á, að hann teldi vistun sína á Kleppi algerlega óheimila og brýstu allar forsendur til þeirrar ráðstöfunar. Stefnandi kveður prófessorinn hins vegar hafa talið, að þar eð beiðni um sjálfræðissviptingu hefði verið lögð fram, væru þessar ráðstafanir allar heimilar. Að morgni hins 9. janúar kveður stefnandi yfirlækninn enn hafa komið að máli við sig um sama efni og áður. Stefnandi kveðst hafa borið við fyrri rökum, en kveðst þó hafa látið tilleiðast að undirrita áðurgreinda yfirlýsingu, enda hafi sér verið heitið því, að sjálfræðissvipt-ingarbeiðnin yrði afturkölluð svo og að hann yrði fluttur í við-unanlegri vistarverur án tafar. Stefnandi kveðst hafa nú verið fluttur á 1. deild spítalans samdægurs, en sú deild hafi reynzt lítið skárri en 10. deild. Stefnandi kveður 10. deild vera svokallaða órólega deild og séu þar allar útgöngudyr læstar. Sjúklingar á deildinni geti þó fengið að fara út til að fá sér frískt loft, en eingöngu í fylgd með gæzlumanni. Stefnandi kveður 1. deild vera ætlaða geðsjúklingum einungis og sé deild þessi að nokkru leyti frjálsglegri en 10. deild og séu hurðir ekki læstar á þessari deild. Stefnandi kveður sér hafa verið bannað að yfirgefa spítalann, á meðan hann dvaldist á báðum þessum deildum. Þó að hann hafi brugðið sér frá spítalanum 2—3 sinnum, þá kveðst stefnandi hafa talið sér sá kostur nauðugur að snúa aftur til spítalans, þar sem hann hafi talið víst, að hann yrði að öðrum kosti fluttur þangað nauðugur með lögregluvaldi, sem svo hafi

orðið raunin hinn 17. janúar 1968. Hinn 10. janúar kveðst stefnandi hafa fengið staðfestingu þess, að sjálfræðissviptingarbeiðnin hefði ekki verið afturkölluð. Kveðst hann þá hafa ritað yfirlýsingu, þar sem hann hafi afturkallað yfirlýsingu sína frá 9. janúar. Stefnandi kveðst nú hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá samtalið við annan hvorn yfirlækni spítalans, en án árangurs. Hinn 15. janúar kveðst stefnandi hafa tilkynnt lækni þeim, er stofugangannaðist þann dag, að hann mundi fara af sjúkrahúsinu, þar eð hann hefði frá upphafi talið vistun sína þar óheimila, en auk þess gæti hann ekki séð, að neitt það væri aðhafzt í sínum málum af hendi spítalans, er gerði honum nauðsynlegt að vera þar lengur. Hinn 17. janúar kveðst stefnandi hafa rætt við lögfræðing sinn, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmann, um þessi mál, en stefnandi kveðst daginn áður hafa ritað Kleppsspítalanum bréf, þar sem hann hafi krafizt bóta vegna handtökunnar og vistunarinnar þar. Kveður stefnandi sér og lögfræðingi sínum hafa komið saman um, að ástæða væri til að gera yfirmönnum lögreglunnar ljóst, að frekari handtökur af því tilefni mundi hann eigi þola bótalaut, og jafnframt óskað þess, að lögreglan léti frekari aðgerðir af sinni hendi ekki (sic) kyrrar liggja, þar til úrlausn dómstóla fengist um málið. Kveðst stefnandi hafa farið þeirra erinda á lögreglustöðina að eiga um þetta viðtal við fulltrúa lögreglustjórans. Kveðst stefnandi hafa hitt fyrir Bjarka Elíasson yfirlögregluþjón, sem hafi beið sig að biða. Skömmu síðar hafi fulltrúi lögreglustjóra, Andrés Valdimarsson, tjáð sér, að fyrir lægi beiðni frá Tómasi Helgasyni yfirlækni þess efnis, að lögreglan handtæki hann, þ. e. stefnanda, og flytti á Kleppsspítalan. Kveðst stefnandi hafa mótmælt þessu harðlega og krafizt úrskurðar, en þá hafi komið fram, að sakadómari sá, er með lögfræðissviptingarmálið fór, hefði neitað að kveða upp úrskurð varðandi þetta atriði. Stefnandi kveður málið hafa verið borið undir lögreglustjóra, sem ekki hafi talið sér annað fært en að verða við beiðni yfirlæknisins. Stefnandi kveðst hafa verið fluttur að Kleppi aftur þrátt fyrir ítrekuð mótmæli sín. Kveðst stefnandi hafa verið allsgáður, er þetta var. Er að Kleppi kom, kveðst stefnandi hafa haft uppi ítrekuð mótmæli vegna þessara ráðstafana við lækni þann, sem á móti honum tók, en án árangurs. Kveðst stefnandi nú á ný hafa verið fluttur á 10. deild og vistaður þar til 30. janúar, er hann var fluttur til skurðaðgerðar á Landspítalanum. Á meðan á þessari dvöl hans á Kleppsspítalanum stóð, kveðst stefnandi ekki hafa fengið að fara fram á gang á

deildinni. Á þessu tímabili kveðst stefnandi hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá samtöl við forráðamenn stofnunarinnar, en án árangurs. Kveðst stefnandi hafa óskað eftir því að fá að vita, hvaða eða hvers konar meðferð og úrlausn hans mál ætti að fá, en við því hafi heldur engin svör fengizt. Stefnandi kveðst síðan hafa átt tal við einn af læknum Kleppsspítalans, áður en vist hans á Landspítalanum lauk, og kveðst hann hafa viljað fá að vita vissu sína um, hvað forráðamenn spítalans ætluðust fyrir. Ekki kveðst stefnandi hafa fengið önnur svör við málaleitan þessari en þau, að ætlazt væri til, að hann kæmi aftur á spítalann. Þessu kveðst stefnandi hafa neitað. Stefnandi kveður ekki hafa verið gerða tilraun til þess að handtaka sig eða flytja sig til nauðungarvistar að Kleppi, eftir að hann kom af Landspítalanum.

Í skýrslu dr. med. Tómasar Helgasonar, yfirlæknis á Kleppi, sem lögð hefur verið fram í málinu, kveður hann stefnanda hafa verið lagðan inn á Kleppsspítalann í annað sinn hinn 24. desember 1967 samkvæmt beiðni Ólafs Hauks Ólafssonar læknis vegna drykkjusýki. Yfirlæknirinn kveður móður stefnanda hafa lagt fram sama dag beiðni til yfirsakadómarans í Reykjavík þess efnis, að stefnandi yrði sviptur sjálfræði. Yfirlæknirinn kveðst hafa hitt stefnanda á spítalanum að kvöldi þess sama dags, sem hann var lagður þar inn. Kveður hann þá stefnanda ekki hafa mótmælt innlagningunni við sig. Á gamlárskvöld kveður yfirlæknirinn stefnanda hafa farið út um glugga á spítalanum, en komið aftur sjálfviljugur að morgni, en nokkuð undir áhrifum áfengis. Dagana á eftir kveður yfirlæknirinn þá stefnanda hafa talað allmikið saman. Einnig kveðst hann þá hafa rætt við lögfræðing stefnanda svo og sakadómara um mál hans. Yfirlæknirinn kveður stefnanda hafa verið bent á þá venju, að hann gæti ef til vill losnað við sjálfræðissviptingarmálið með því að skrifa undir yfirlýsingu samkvæmt lögunum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra um, að hann undirgengist að dveljast á hæli eða í sjúkrahúsi eða hlíta þeirri meðferð, sem læknar Kleppsspítalans teldu nauðsynlega, í allt að sex mánuðum. Kveður yfirlæknirinn það hafa verið ákveðið í samræðum þeirra hinn 5. janúar, að hann léti vélrita slíka yfirlýsingu, sem stefnandi síðan undirritaði. Þegar til kom, kveður yfirlæknirinn stefnanda hafa viljað hugsa mál sitt nánar og hafi hann fengið þann umhugsunarfrest að sjálfsögðu. Kveður yfirlæknirinn yfirlýsinguna hafa verið skilda eftir hjá stefnanda, svo að hann gæti lesið hana yfir og kynnt sér eins rækilega og hann vildi og rætt um hana við

lögfræðing sinn og aðra, svo sem hann teldi nauðsynlegt. Yfirlæknirinn kveður stefnanda hafa notað tímann til að ræða við lögfræðing sinn og ýmsa aðra um yfirlýsinguna, og einnig kveður hann lögfræðing stefnanda hafa rætt um hana við sig. Því kveður yfirlæknirinn það hafa verið, að undirritun yfirlýsingarinnar hafi dregið þar til þann 9. janúar, að stefnandi hafi ákveðið sig. Af þessu kveður yfirlæknirinn ljóst, að fráleit sé sú staðhæfing stefnanda, að hann hafi undirritað yfirlýsinguna nauðugur. Yfirlæknirinn kveður stefnanda nú hafa farið í bæinn án þess að láta vita á spítalanum, en hann hafi komið aftur. Hið sama kveður yfirlæknirinn hafa endurtekið sig hinn 13. janúar, en hinn 15. janúar kveður hann stefnanda enn hafa farið í bæinn. Hann hafi þá komið aftur og tilkynnt starfsfólki á deildinni, að hann væri búinn að rifta yfirlýsingunni og væri alfarinn. Yfirlæknirinn kveður stefnanda hafa hringt á spítalann næsta morgun og hafi hann sagzt mundu sækja dót sitt, en af því hafi þó ekki orðið. Yfirlæknirinn kveður nú ættingja Sigurjóns hafa verið látna vita, að hann hefði yfirgefið spítalann gegn ráðleggingum lækna og þrátt fyrir yfirlýsinguna, er hann áður hafði undirritað í votta viðurvist. Kveður hann þá hafa beðið lögreglu um að koma stefnanda aftur á spítalann. Yfirlæknirinn kveður stefnanda hafa byrjað að gulna nokkrum dögum síðar og hafi þá verið hafizt handa um nánari rannsókn á orsökum þess. Er þær skýrðust, kveður hann stefnanda hafa verið tilkynnt, að hann þyrfti að fara á Landspítalann til uppskurðar. Kveður yfirlæknirinn stefnanda svo hafa verið fluttan á Landspítalann, strax og rúm losnaði, og hafi það verið hinn 30. janúar. Yfirlæknirinn kveður stefnanda svo hafa verið útskrifaðan af Landspítalanum, en hann hafi ekki verið fluttur á Kleppspítalann aftur.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi verið handtekinn af tilefnislausu, fluttur gegn vilja sínum að geðveikra-spítalanum á Kleppi og vistaður þar á deild með órólegum geðsjúklingum, allt án dómsúrskurðar og án lagaheimildar. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að yfirlýsingu þá, sem dagsett er hinn 5. janúar 1968, hafi hann undirritað nauðugur og sé hún því marklaus. Yfirlýsingu þessa hafi hann afturkallað með bréfi, dagsettu hinn 10. janúar, enda hafi þá komið í ljós, að sjálfræðisviptingarbeiðnin, sem fram hafi komið, hafði ekki verið afturkölluð.

Kröfur stefnda eru byggðar á því, að vistun stefnanda á Kleppspítalanum hafi verið þáttur í læknisaðgerð, en stefnandi hafi

síðan samþykkt áframhaldandi dvöl sína og lækningatilraunir þar. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið beittur neinni nauðung, enda hafi hann farið út af spítalanum, en komið sjálfviljugur aftur. Er því mótmælt, að um handtöku hafi verið að ræða. Er á það bent, að Kleppsspítalinn sé lögboðin lækningastöð, sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1964.

Er stefnandi var handtekinn hinn 24. desember 1967 og fluttur gegn vilja sínum á Kleppsspítalann, hafði hann ekki óskað eftir vistun þar, verið sviptur sjálfræði, undirgengizt fyrir sakadómi að sæta hælisvist þar eða verið dæmdur til slíkrar hælisvistar samkvæmt ákvæði 11. gr. laga nr. 39/1964. Það er eigi fram komið, að stefnandi hafi verið ölvaður, er hann var handtekinn. Það hefur komið fram, að nóttina áður en stefnandi var handtekinn, muni hann hafa reynt að ráðast inn í íbúð móður sinnar. Ekki var það atvik rannsakað sérstaklega. Rannsókn út af kröfu móður stefnanda um, að hann yrði sviptur sjálfræði, hófst hinn 28. desember 1967. Dómari sá, er með þá rannsókn fór, hafði engin afskipti af vistun stefnanda á Kleppsspítalanum hinn 24. s. m., og ekki tók dómariinn afstöðu til þeirrar vistunar við rannsókn málsins. Það verður því að telja, að handtaka stefnanda hinn 24. desember 1967 og vistun hans á Kleppsspítalanum hafi verið ólögमत frelsissvipting. Það er á engan hátt fram komið, að læknar Kleppsspítalans eða annað starfsfólk hafi beitt stefnanda nauðung til að undirrita yfirlýsingu þá, sem áður er rakin og dagsett er hinn 5. janúar 1968, en líta verður svo á, að við þær aðstæður stefnanda, sem þá voru fyrir hendi, hafi yfirlýsingin ekki verið bindandi fyrir hann. Það verður því einnig að telja, að handtaka stefnanda hinn 17. janúar 1968 og vistun hans á Kleppsspítalanum á ný hafi einnig verið ólögमत frelsisskerðing. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi ríkissjóðs af þessum sökum samkvæmt ákvæði 151. gr. laga nr. 82/1961, sbr. ákvæði 3. tl. 154. gr. og 155. gr. sömu laga.

Við munnlegan flutning málsins var fjárhæð stefnukröfunnar sundurliðuð þannig:

|                                      |               |
|--------------------------------------|---------------|
| 1. Bætur fyrir atvinnutjón . . . . . | kr. 40.000.00 |
| 2. Miskabætur . . . . .              | — 660.000.00  |

---

Kr. 700.000.00

Af hálfu stefnda hefur fjárhæð dómkröfu stefnanda í heild verið mótmælt sem of hárrí. Einnig var því mótmælt við munnlegan flutning málsins, að stefnandi hefði orðið fyrir atvinnutjóni.

Eigi hafa verið færð fram rök fyrir því, að stefnandi hafi orðið fyrir atvinnutjóni, og verður því sá þáttur kröfugerðar stefnanda, er það varðar, eigi tekinn til greina. Hins vegar þykir stefnandi eiga rétt á miskabótum, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 90.000.00.

Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að stefnandi eigi rétt á gjafsókn í máli þessu, enda hafi gjafsóknarleyfi eigi verið formlega veitt.

Af hálfu stefnanda var sótt um gjafsóknarleyfi við rekstur máls þessa. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins var því lýst yfir, að litíð væri svo á, að þar eð gjafsókn sé lögbundin í slíku máli, sbr. ákvæði 154. gr. laga nr. 82/1961, þurfi ráðuneytið ekki að taka afstöðu til gjafsóknarinnar. Með vísan til greinds lagaákvæðis þykir stefnandi eiga rétt á gjafsókn við rekstur máls þessa.

Samkvæmt þessu verður stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dæmdur til að greiða stefnanda kr. 90.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.500.00, en af þeirri fjárhæð hljóti lögmaður stefnanda, Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 15.000.00 í málssóknarlaun.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurjóni Einarssyni, kr. 90.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og kr. 15.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---